

REGLUGERÐ um að koma á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu.

1. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB), samkvæmt ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XI. viðauka EES-samningsins með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XI. viðauka samningsins og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

- a. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 460/2004 frá 10. mars 2004 um að koma á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 27, dagsett 8. maí 2008, á bls. 105, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2004 frá 8. maí 2008.
- b. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1007/2008 frá 24. september 2008 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 460/2004 um að koma á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2009 frá 24. apríl 2009, sem birtist sem fylgiskjal I við reglugerð þessa.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 28. desember 2009.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 1116

28. desember 2009

Fylgiskjal I.

REGLUGERÐ EVRÓPUPINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1007/2008

frá 24. september 2008

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 460/2004 um að koma á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun
Evrópu að því er varðar starfstíma hennar**

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þann 10. mars 2004 samþykktu Evrópuþingið og ráð Evrópusambandsins reglugerð (EB) nr. 460/2004 ⁽³⁾ um að koma á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu (hér eftir nefnt stofnunin) til fimm ára.
- 2) Þann 23. mars 2007, að loknu mati stofnunarinnar, gaf stjórn stofnunarinnar út tilmæli varðandi viðeigandi breytingar á reglugerð (EB) nr. 460/2004.
- 3) Í samræmi við áætlun framkvæmdastjórnarinnar um betri reglusetningu hafði framkvæmdastjórnin frumkvædi að opinberu samráði varðandi framlengingu og framtíð stofnunarinnar sem stóð frá 13. júní til 7. september 2007.

- 4) Þar sem umboð stofnunarinnar rennur út 13. mars 2009 og til að tryggja samfelli og samræmi er nauðsynlegt að samþykka framlengingu sem mun gera kleift að frekari umfjöllun um stofnunina fari fram, sem endurspeglar niðurstöður mats á stofnuninni, tilmæli stjórnarinnar og yfirstandandi endurskoðun á reglurammanum um rafraen fjaraskiptanet og -þjónustu. Einnig gerir framlengingin kleift að yfirfara almenna stefnu Evrópu til aukningar net- og upplýsingaöryggis. Ákvörðun um framlengingu starfstíma stofnunarinnar skal ekki hafa áhrif á niðurstöður þessarar umfjöllunar.
- 5) Starfstími stofnunarinnar skal því framlengdur til 13. mars 2012.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ PESEA:

I. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 460/2004

Í stað 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 460/2004 komi eftirfarandi:

„27. gr.

Starfstími

Stofnuninni skal komið á fót 14. mars 2004 og skal hún starfa í átta ár.“

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽¹⁾ Álit frá 13. febrúar 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽²⁾ Álit Evrópupingsins frá 17. júní 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 15. september 2008.

⁽³⁾ Stjóð. ESB L 77, 13.3.2004, bls. 1.

Nr. 1116

28. desember 2009

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 24. september 2008.

Fyrir hönd Evrópupatingsins,
H.-G. PÖTTERING
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
J.-P. JOUYET
forseti.

B-deild – Útgáfud.: 19. janúar 2010